

Tilboð óskast í iðnaðarhúsnæði.

Skútustaðahreppur óskar eftir tilboðum í fasteignina Múlaveg 1
fastanúmer 216-3404 í Reykjahlíð, Mývatnssveit.

Um er að ræða iðnaðarhúsnæði sem í dag hýsir bifreiða og smíðaverkstæði.
Húsið er að hluta til á tveimur hæðum. Stærð eignarinnar er 466,2 m².

Þess er óskað að tilboðsgjafar geri grein fyrir áfromum
um framtíðarnýtingu hússins.

Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Tilboðum skal skilað til Fasteignasölnunnar BYGGÐAR,
Skipagötu 16, 600 Akureyri.

eða í netfangið bjorn@byggd.is fyrir kl. 15 þann 30.4.2015.

Nánari upplýsingar veitir Björn Guðmundsson, löggiltur fasteignasali,
hjá Fasteignasölnunni Byggð, Skipagötu 16, 600 Akureyri. Sími 464 9955.



Vorfundur Kvenfélagsins

verður haldinn í Skjólbrekku, mánudaginn 27. apríl kl. 19:30.

Brynja Hjörleifs verður með fyrirlestur um heilsu og hreyfingu
og sitthvað fleira skemmtilegt er á dagskránni.

Boðið verður upp á léttan kvöldverð.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku til Elisabetar í síma 894 6318
eða á elisabetsig82@gmail.com í síðasta lagi föstudaginn 24. apríl.

Mætum allar með vor og gleði í hjarta.
Nýir félagar velkomnir.
Stjórnin



Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

14. tbl. 7. árg. miðvikudaginn 22. apríl 2015

Afmælisbörn dagana 23. apríl — 29. apríl 2015

24. Friðrik L. Jóhannesson, Jóhanna Jóhannesdóttir.
25. Rósa Eik Gunnarsdóttir, Þórhalla Bergey Jónsdóttir.
28. Eldey Gerda Garðarsdóttir.

Fermingarguðsþjónusta með altarisgöngu verður í Skútustaðakirkju næstkomandi laugardag 25. apríl klukkan 14:00.



Fermdur verður:

Elvar Goði Yngvason, Skútustöðum

Sameinaðir kórar Skútustaðasóknar og Reykjahlíðarsóknar syngja.
Organisti: Þorvaldur Örn Davíðsson

Verið velkomin.
Sr. Örnólfur.



Frá Leikskólanum Yl í Mývatnssveit.



Óskað er eftir starfsmanni í ótímabundna afleysingarstöðu.

Um er að ræða 75% starfshlutfall á eldri deild.

Æskilegt að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir leikskólastjóri Þóra Ottósdóttir
í síma 464 4149, 895 6731 og deildarstjóri

Ingibjörg Helga Jónsdóttir í síma 464 4149, 821 9404.

Umsóknir berist til leikskólastjóra á netfangið ylur@myv.is



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

17. fundur

að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 15. apríl kl. 09:15

Mættir: Yngvi Ragnar Kristjánsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Helgi Héðinsson varamaður Guðrúnar Brynleifsdóttur, Sigurður G. Böðvarsson, Friðrik Jakobsson og Jón Óskar Pétursson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fundargerð skipulagsnefndar frá 30. mars 2015.
3. Bréf Guðrúnar Brynleifsdóttur dags 7. apríl 2015.
4. Bréf forsætisráðuneytisins dags. 25. mars 2015.
5. Bréf Landgræðslu ríkisins dags 25. mars 2015.
6. Bréf Hildu Kristjánsdóttur og Garðars Finnssonar dags 9. apríl 2015.
7. Fráveitumál í Reykjahlíð.
8. Málþing um fráveitumál á viðkvæmum svæðum 8. maí 2015.
9. Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf 2015- fundarboð.
10. Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga 2015 – fundarboð.
11. Aðalfundur Baðfélags Mývatnssveitar hf 2015 – fundarboð.
12. Svæðisáætlun um meðferð úrgangs á Norðurlandi.
13. Skýrsla sveitarstjóra – munnleg.

Efni til kynningar.

Aðalfundargerð og annað efni frá aðalfundi Mývatnssstofu ehf frá 25. mars 2015

Fundargerð Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra frá 4. mars 2015

Fundargerð fulltrúaráðs Eyþings frá 27. mars 2015

Afgreiðslur

1. Oddviti setti fund og lagði til að lið 12. Svæðisáætlun um meðferð úrgangs á Norðurlandi yrði bætt á dagskrá. Skýrsla sveitarstjóra – munnleg verður því liður 13. Samþykkt samhljóða.
2. Lögð fram fundargerð skipulagsnefndar frá 30. mars s.l. Fundargerðin er í fjórum liðum:

Liður 1. Geitejarströnd. Aðal- og deiliskipulag.

Sveitarstjórn staðfestir samþykkt skipulagsnefndar um að eftirfarandi kafla verði brætt inn í deiliskipulagsgreinargerðina vegna tilmæla minjavarðar Norðurlands eystra:

Fornleifar:

Áður en ráðist verður í framkvæmdir skal tryggt að fullt tillit verði tekið til þeirra ráðstafana sem Minjastofnun Íslands kann að fara fram á vegna fornleifanna á skipulagssvæðinu. Þessar ráðstafanir geta falið í sér kvöð til fornleifarannsókna og / eða einhverjar breytingar á staðsetningu mannvirkja.

Vakin er athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef

• Nánari upplýsingar um Uppbyggingarsjóð Norðurlands eystra veita:

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir	menning@eything.is	sími 464 9935
Reinhard Reynisson	reinhard@atthing.is	sími 464 0415
Ari Páll Pálsson	aripall@atthing.is	sími 464 0415

Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið uppbygging@eything.is

• Viðtalstímar

vegna úthlutunar styrkja úr sjóðnum sem hér segir:

Akureyri	20. og 22. apríl kl. 13-15	Skrifstofu menningarfulltrúa, Hafnarstræti 91, 3. hæð
Kópasker	27. apríl kl. 10:30-12	Skrifstofu Norðurþings
Raufarhöfn	27. apríl kl. 13-15	Skrifstofu Norðurþings
Þórshöfn	28. apríl kl. 9-11	Skrifstofu Langanesbyggðar Þórshöfn
Húsavík	28. apríl kl. 14-16	Menningarmiðstöð Þingeyinga
Laugum	5. maí kl. 10.30-12	Skrifstofu Þingeyjarsveitar
Mývatnssveit	5. maí kl. 13-14	Skrifstofu Skútustaðahrepps
Akureyri	7. maí kl. 9-16	Skrifstofu menningarfulltrúa, Hafnarstræti 91, 3. hæð

Viðtalstímar á öðrum tímum eftir samkomulagi.



Atvinnuþróunarfélag
Þingeyinga





SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS EYSTRA

Styrkir til menningar, atvinnuþróunar og nýsköpunar.

Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra auglýsir eftir umsóknum.

Stofnaður hefur verið nýr sjóður, Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra. Sjóðurinn er hluti af samningi um Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2015-2019 sem undirritaður var í febrúar sl. Sjóðurinn er samkeppnissjóður og tekur við hlutverki Menningarráðs Eyþings, Vaxtarsamnings Eyjafjarðar og Vaxtarsamnings Norðausturlands og **veitir verkefnastyrki til menningarverkefna, atvinnuþróunar og nýsköpunar auk stofn- og rekstrarstyrkja til menningarmála.**

Í ár lítur uppbyggingarsjóður sérstaklega til verkefna sem jafna stöðu kynjanna og aldurshópa á svæðinu. Auk þess hafa þær umsóknir forgang sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinnu skilyrða.

• **Á sviði menningar:**

- Verkefni sem hvetja til samstarfs einstaklinga, hópa, byggðarlaga eða listgreina. Sérstaklega er horft til verkefna sem eru samstarf þriggja eða fleiri aðila og tengja íbúa á Norðurlandi eystra
- Verkefni sem efla atvinnustarfsemi á sviði menningar og lista
- Verkefni sem fela í sér listsköpun fólks á aldrinum 18-25 ára
- Verkefni sem fela í sér samstarf við önnur lönd á sviðið menningar og lista

• **Á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar:**

- Verkefni sem stuðla að nýtingu auðlinda svæðisins til atvinnusköpunar
- Verkefni sem til þess eru fallin að auka fjölbreytni atvinnutækifæra
- Verkefni sem stuðla að samstarfi atvinnulífs, háskóla og þekkingarstofnana
- Verkefni sem efla nýsköpun og atvinnuþróun

Umsóknum skal skilað rafrænt til uppbyggingarsjóðs á netfangið uppbygging@eything.is á þar til gerðum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna.

Umsóknarfrestur er til og með 13. maí. Tilkynnt verður um úthlutun í júní.

Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér verklagsreglur uppbyggingarsjóðs á heimasíðu Eyþings www.eything.is

fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagstillöguna svo breytta og einnig samsvarandi tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðhrepps 2011-2023. Jafnframt felur sveitarstjórn skipulags- og byggingarfulltrúa málsmeðferð vegna gildistöku tillagnanna eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

Helgi Héðinsson vék af fundi undir þessum lið.

Liður 2. Dimmuborgir. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn samþykkir að tillaga að breytingu á deiliskipulagi þjónustusvæðis 338-V við Dimmuborgir verði auglýst eins og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um þar sem gerðar hafa verið breytingar á tillögunni eins og skipulagsnefnd fór fram á. Jafnframt felur sveitarstjórn skipulags- og byggingarfulltrúa málsmeðferð vegna auglýsingarinnar eins og fyrrgreind lög mæla fyrir um.

Liður 3. Umferðaröryggi við Mývatn. Minnisblað.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og skipulags- og byggingarfulltrúa að framfylgja niðurstöðum af fundi oddvita og sveitarstjóra með fulltrúum Vegagerðarinnar frá 3. júlí 2013 og leita samþykkis landeigenda í þeim tilfellum sem samþykki þeirra þarf til að koma úrbótum í umferðaröryggismálum til framkvæmda. Þá tekur sveitarstjórn undir ályktun skipulagsnefndar um að sett verði merki „bannað að leggja eða stöðva ökutæki“ í Markhrauni og annars staðar þar sem mikið er um blindhæðir og blindbeygur og að vakin verði sérstök athygli á hjólandi og gangandi umferð á þjóðvegnum og að áningarstaðir verði merktir sérstaklega.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðarina að öðru leyti.

3. Í bréfinu óskar Guðrún Brynleifsdóttir eftir tímabundnu leyfi frá stöfum í sveitarstjórn og varaformennsku í skipulagsnefnd frá og með 10. apríl til og með 1. nóvember 2015 vegna fæðingarorlofs.
Sveitarstjórn samþykkir beiðnina. Sveitarstjórn og samþykkir að Helgi Héðinsson taki sæti aðalmanns í sveitarstjórn frá 10. apríl til 1. nóvember 2015. Margrét Hólm Valsdóttir taki sæti aðalmanns í skipulagsnefnd frá 10. apríl til 1. nóvember 2015.
4. Í bréfinu er boðað til fundar um þjóðlendumál fimmtudaginn 21. maí n.k. kl 10:00 að Ketilsbraut 7 - 9 á Húsavík.
Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að sækja fundinn.
5. Lagt fram afrit af bréfi Landgræðslunnar til Vegagerðarinnar þar sem óskað er eftir að stóra bílastæðið við Dimmuborgir verði malbikað.
Sveitarstjórn tekur undir mikilvægi þess að stóra bílastæðið við Dimmuborgir verði malbikað og skorar á Vegagerðina að ráðast í það þegar í stað.
6. Í bréfinu er vakin athygli á ýmsum atriðum er varða öryggi gangandi vegfarenda í Reykjahlíðarþropi. Sveitarstjórn þakkar bréfiturum og vekur athygli á að unnið er að úttekt á umferðaröryggismálum í Reykjahlíð á vegum stýrihóps um Heilsuefandi grunnskóla. Þá voru umferðaröryggismál og merkingar ræddar við fulltrúa Vegagerðarinnar á fundi þann 11. mars s.l. Sveitarstjórn, sveitarstjóra og skipulags- og byggingarfulltrúa falið að fara yfir

merkingar og mögulegar úrbætur fyrir gangandi vegfarendur í Reykjahlíðarþorpi.

7. Lögð fram samantekt frumhönnunar og kostnaðarmats vegna fráveitukerfis í Reykjahlíð sem unnin var af Eflu verkfræðistofu. Umræður urðu um málið. Sveitarstjóra, oddvita og fráveitunefnd falið að vinna áfram að málinu. Oddviti og sveitarstjóri munu eiga fund með umhverfisráðherra um málið þann 16. apríl 2015.
8. Lögð fram auglýsing um málþing um fráveitumál á viðkvæmum svæðum sem haldið verður í Reykjavík þann 8. maí 2015. Oddvita falið að sækja fundinn.
9. Lagt fram aðalfundarboð Lánasjóðs sveitarfélaga ohf sem haldinn verður í Salnum í Kópavogi 17. apríl 2015 kl. 15:30. Samþykkt að oddviti fari með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á fundinum.
10. Lagt fram aðalfundarboð Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga sem haldinn verður í Félagsheimilinu Breiðumýri, Reykjadal mánudaginn 20. apríl 2015 kl. 14:00. Samþykkt að oddviti fari með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á fundinum.
11. Lagt fram aðalfundarboð Baðfélags Mývatnssveitar sem haldinn verður í Jarðbaðshólum, föstudaginn 17. apríl 2015 kl. 13:00. Samþykkt að Helgi Héðinsson fari með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á fundinum.
12. Lögð fram drög að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi sem þriggja manna verkefnisstjórn hefur unnið í samræmi við samning milli sorpsamlaga á svæðinu og sveitarfélagsins Húnaþings vestra dags. 8. mars 2012. Svæðið sem um ræðir nær frá Hrútafirði í vestri að Melrakkaslétu í austri og nær yfir 18 sveitarfélög.
Sveitarstjórn samþykkir að fela verkefnisstjórninni að auglýsa áætlunina í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum og í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat á umsagnartíma.
13. Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu verkefnum sem unnið hefur verið að frá síðasta reglubundna fundi sveitarstjórnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00

*Yngvi Ragnar Kristjánsson
Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir
Helgi Héðinsson
Sigurður G. Böðvarsson
Friðrik Jakobsson
Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri*

Fyrirhuguðum Kolaportsdegi/flóamarkaði
er frestað um óákveðinn tíma.
Bíðum eftir betra veðri :)
Nánar auglýst síðar.

Bestu kveðjur
Hilda og Gunna Þórarins



VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR

Ársfundur norðursvæðis

Holuhraun – Náttúrvernd, öryggi og ferðamennska

Ársfundur norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs verður haldinn í Hvalasafninu á Húsavík mánudaginn 27. apríl næstkomandi kl. 16:00. Þema fundarins verður Holuhraun og nágrenni, aðstæður og úrlausnarefni.

Dagskrá:

16:00 - 16:05 Fundurinn settur: Böðvar Pétursson formaður svæðisráðs.

16:05 - 16:35 Myndun Holuhrauns og sérstaða þess: Ármann Höskuldsson eldfjallafræðingur.

16:35 - 17:05 Öryggi undir eldfjallinu: Viðir Reynisson deildarstjóri hjá Almannavörnum.

17:05 - 17:20 Kaffihlé

17:20 - 17:35 Ferðamennska í og við Holuhraun. Hjörleifur Finnsson, þjóðgarðsvörður.

17:30 - 18:00 Umræður.



MENNINGARMIÐSTÖÐ ÞINGEYINGA

" Vinir í vestri"

Stutt dagskrá um Vestur Íslendinga.

25. apríl kl. 14:00.

1. Ávarp Sif Jóhannsdóttir, forstöðumaður menningarmiðstöðvar Þingeyinga.
2. 10 ár meðal Vestur - Íslendinga, Atli Ásmundsson, fyrrum aðalræðismaður í Winnipeg.
3. Þjóðræknisfélag Íslendinga, kynning Halldór Árnason, forseti félagsins.
4. Spurningar og svör

Allir hjartanlega velkomnir

Fundurinn er samvinnuverkefni Menningarmiðstöðvar Þingeyinga,
Þjóðræknisfélags Íslands og utanríkisráðuneytisins.